



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
www.isafjordur.is | 450 8000

Eyrarkláfur ehf.
Hlíðarvegi 4
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 8. apríl 2021
2019070011

Efni: Uppsetning kláfs í hlíðum Eyrarfjalls, Ísafirði - Umsögn á matsskyldufyrirspurn.

Þann 22. janúar 2021 óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Ísafjarðarbæjar á því hvort, og á hvaða forsendum, ofnagreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Óskað var eftir að í umsögninni komi fram hvort Ísafjarðarbær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun.

Umsögnin er unnin af skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar sem hefur eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum fyrir sveitarfélagið.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar.

Í skýrslu matsskyldufyrirspurnar kemur fram að framkvæmdin falli undir tölulið 10.20 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum "*Járnbrautir, sporvagnar, lestir í lofti og neðanjarðar, sviðbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.*"

Eðli framkvæmdar.

Ekki er talið að eðli framkvæmdar muni hafa neikvæð áhrif á umhverfi og samfélag Ísafjarðarbæjar. Þó þarf að huga vel að mótvægisáðgerðum ef stórslys eða náttúruhamfarir eiga sér stað á framkvæmda- og rekstartíma kláfsins.

Skýrslan gerir nokkuð vel grein fyrir framkvæmdinni. Þá hefði mátt bæta í skýrsluna kafla um áhrif framkvæmdarinnar á samfélag á Vestfjörðum sem talin eru nokkuð jákvæð með tilliti til atvinnu á svæðinu.

Staðsetning framkvæmdar.

Skýrslan lýsir umhverfi framkvæmdarinnar nokkuð vel. Kláfurinn er ekki staðsettur á verndarsvæði. Fyrir ofan byrjunarstöð kláfsins er ofanflóðagarður og fyrir neðan er íbúðabyggð. Ljóst er að öll umferð til og frá byrjunarstöð kláfsins mun fara í gegnum íbúðabyggð, hvort sem valin er staðsetning A eða B. Í skýrslunni segir að gera þurfi ráð fyrir 20 fólksbilastæðum og tveimur rútustæðum. Þá er gert ráð fyrir að kláfurinn geti flutt um 500 manns á klukkustund upp á fjallið. Þá gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að flytja 29.000 manns á ári upp á fjallið, þá aðallega á sumrin sem er þá um 320 manns á dag, að meðaltali 30 manns á klukkustund. Gott væri að fá langtímaáætlun framkvæmdaraðila um hvort fjölga þurfi bílastæðum og þá hvernig. Eins hvernig aðkoma gangandi/hjólandi vegfarenda verði háttáð.



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
www.isafjordur.is | 450 8000

Áhrif framkvæmdar.

Ætla má að framkvæmdin muni hafa nokkuð jákvæð hagræn áhrif á norðanverða Vestfirði. Þetta mætti koma fram í skýrslunni.

Skýrslan gerir ekki nægilega grein fyrir áhrifum framkvæmdar á heilsu og öryggi. Náttúruvá s.s. hættuleg ísing, grjóthrun, snjóflóð og hugsanleg hætta sem skapast af rafmagnsleysi o.þ.h. getur haft stórkostleg áhrif á nærliggjandi byggð sem og starfsmenn og notendur kláfsins. Mótvægisáðgerðir og vöktun eru mikilvægir þættir í því tilliti. Lítillega er fjallað um snjóflóð og grjóthrun í kafla sjö, en ekki að því marki að hægt sé að gera sér grein fyrir áhrifum veðurs á kláfinn, línur, lagnir og staura. Í kafla fimm nefnir skýrsluhöfundur að farið verði í veðurmælingar á fjallinu sumarið 2021. Eins mætti gera grein fyrir hljóðvist í nágrenni kláfsins og hvort hljóðmengun fylgi rekstri hans.

Þegar tekið er tillit til allra þátta telur skipulagsfulltrúi að framkvæmd þessi sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum 106/2000. Þó ber að ítreka mikilvægi greinargóðs verklags mótvægisáðgerða og vöktunar náttúruvár.

Virðingarfyllt,

Heiða Jack
Skipulagsfulltrúi